

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Tölublað 1

3. apríl 2023

Landlæknir skrifar undir samning um heilsueflandi samfélag



Jakob Björgvin og Alma Möller takast í hendur.

Mánudaginn 20. mars síðastliðinn kom Alma Möller landlæknir í Stykkishólm og ritaði fyrir hönd Embættis landlæknis undir samning við sveitarfélagið um þátttöku þess í verkefningu Heilsueflandi samfélag.

Heilsueflandi samfélag er samfélag þar sem heilsa og vellíðan allra íbúa er höfð í fyrirrími í stefnumótun

og aðgerðum á öllum sviðum. Meginmarkmið verkefnisins er að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarhátum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Góð mæting var í íþróttahúsið þegar undirskriftin fór fram. Bæjarstjóri flutti ávarp og landlæknir kynnti verkefnið. Í ávarpi bæjarstjóra kom fram að

með undirritun samningsins væri í raun verið að formfesta eitthvað sem okkar samfélag hefur verið um árabíl, þ.e. heilsueflandi samfélag. Bæjarstjóri fór stuttlega yfir íþróttasögu sveitarfélagsins og uppbyggingu þeirra góðu innviða sem Hólmarar og Helgfellingar búa við.

Jafnframt kom fram að sveitarfélagið hafi á síðustu árum gert stóráttak í gerð göngustíga með áherslu á uppbyggingu á skógræktarsvæðinu við Grensás með það að markmiði að auka útivistarmöguleika í nálægð við Stykkishólm. Einnig standi til að setja upp heilsustíg með æfingabúnaði við göngustíg um Grensás og þröskulda, en vonast er til að hann verði tekin í notkun í sumar.

Að sögn bæjarstjóra stendur nú til að gera enn betur og opna íþróttasalinn fyrir foreldra og börn á grunnskólaaldri þegar engir skipulagir tímar eru í salnum. Þá geta foreldrar, ömmur og afar og börn kíkt við í íþróttahúsinu og

sparkað saman í bolta, farið í körfu eða badminton, eða annað sambærilegt. Sú viðbót er í samræmi við áherslur sveitarfélagsins um fjölskylduvænt umhverfi og heilsueflandi samfélag sem og þann metnað sem í Stykkishólmi ríkir fyrir hreyfingu og kraftmiklu íþróttastarfi. Að lokum minnti bæjarstjóri á landsmót UMFÍ 50+ sem fer fram í Stykkishólmi á Jónsmessuhelginni dagana 23. – 25. júní og hvatti til þátttöku í því. Mótið er haldið í samstarfi við HSH og Sveitarfélagið Stykkishólm. Mótið er öllum opið sem verða 50 ára á árinu og eldri. Þátttakendur þurfa ekki að vera skráðir í íþróttafélag heldur geta allir tekið þátt á sínum forsendum. Einnig verða í boði kynningar á jaðaríþróttum og opnar greinar þar sem fólk á öllum aldri geta tekið þátt.

Að undirskrift lokinni var viðstöddum boðið í stuttan Zúmbatíma undir stjórn Agnesar Helgu Sigurðardóttur.

Breytingar í gamla bankanum



Frá bæjarstjóra

Undirritaður fór nýverið á fund með eldri borgurum í Stykkishólmi. Ekki var um formlegan fund að ræða heldur brá ég mér í kaffisopa á Skólastígnum eftir að hafa hitt á góða konu hér í bæ sem bauð mér í kaffi. Í samræðum mínum við eldri borgara kom í ljós skýrt ákall um að bæta þyrfti upplýsingaflæði til þeirra sem verja litlum tíma í tölvu eða á facebook. Margir upplifðu sig ómeðvitaða um hvað er í gangi í samfélaginu okkar og full þörf að bregast við því. Margir sakna þess að fletta Stykkishólmspóstinum sem upplýsti okkur Hólmara vikulega um allt það helsta. Sem svar við þessu ákalli var því ákveðið að setja af stað lítið tilraunaverkefni sem unnið er í Ráðhúsinu. Mánaðarlega verður gefið út lítið prentrit sem hefur að geyma allar helstu fréttir af vefsíðu sveitarfélagsins. Ritið hefur fengið það lýsandi nafn, **Helstu fréttir**. Það er mín von að þetta komi til móts við upplýsingaþörf þeirra sem þurfa og verði fólki bæði til gangs og gamans.



Aðalgata 10 í Stykkishólmi.


Nú í apríl opnar Regus nýja fjarvinnuaðstöðu við Aðalgötu 10 í Stykkishólmi. Húsnæðið hýsti áður starfsemi Búnaðarbankans og síðar Arion banka, en hefur undanfarið ár hýst frumkvöðlasetrið Árnasetur.

Húsnæðið býður upp á ljósleiðaratengingu, góðra kaffiaðstöðu, sérskrifstofur, sameiginlega vinnuástöðu og fullbúinn fundarsal sem búinn verði öllum tækjabúnaði sem nauðsynlegur er fyrir fjarvinnu og fjarfundi. Húsnæðið rúmar um 24 starfsmenn á sama tíma auk þess sem fleiri geta nýtt sér fundaraðstöðu í húsinu.

Regus rekur einnig skrifstofusetur á höfuðborgarsvæðinu, Ísafirði og í Borgarnesi. Þá stendur

til að Regus opni fjögur ný útibú á þessu ári; tvö á höfuðborgarsvæðinu og eitt á Siglufirði, auk aðstöðunnar í Stykkishólmi. Regus stefnir jafnframt að því að upp

verði komnar skrifstofur á 27 staðsetningum á Íslandi árið 2027 svo fólk og fyrirtæki geti unnið hvar sem þegar því hentar óháð staðsetningu.



Töluverðar breytingar frá því sem áður var.



Sturla Böðvarsson og Gréta Sigurðardóttir. Mynd Sumarliði Ásgeirsson

Júlíana - hátíð sögu og bóka fór fram í tíunda sinn

Júlíana - hátíð sögu og bóka var sett við formlega opunarhátíð í Stykkishólmskirkju fimmtudaginn 23. mars en hátíðin var þá haldin í tíunda sinn. Frá því hátíðin hófst árið 2013 hefur Hólmari verið heiðraður fyrir framlag til menningar- og framfaramála. Á opunarhátíðinni var Sturla Böðvarsson heiðraður fyrir framlag sitt til min-

javerndar, skipulags- og samgöngumála í Stykkishólmi. Jakob Björgvin bæjarstjóri flutti ávarp á setningarathöfninni þar sem hann lýsti mikilvægi lista og menninga fyrir samfélög og því mikilvæga hlutverki sem hátíðin gegnir í því samhengi. Sérstaklega nefndi hann hve dýrmætt það er hversu náið samstarf hátíðin hefur átt með samfélag-

inu, þ.m.t. fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins. “Það hefur til dæmis verið einstaklega ánægjulegt að fylgjast með því samstarfi sem hátíðin hefur átt við gunnskólann þar sem það hafa komið leiðbeinendur úr röðum skálda til að leiðbeina grunnskólabörnum með sköpun í ritlist. Þannig gefur hátíðin samfélaginu afar mikið til baka

á svo mörgum sviðum sem er vert að þakka fyrir sérstaklega”. Að lokum færði bæjarstjóri Grétu Sigurðardóttur, upphafskonu Júlíönuhátíðarinnar, þakklætis- og virðingarovott fyrir hönd bæjarstjórnar og íbúa sveitarfélagsins og óskaði henni til hamingju með tíu ára afmæli hátíðarinnar.

Deiliskipulag við Skipavík

Opinn kynningarfundur var haldinn miðvikudaginn 8. mars á Amtsbókasafninu í Stykkishólmi. Á fundinum gerðu Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi og Bæring Bjarnar Jónsson, skipulagsráðgjafi, grein fyrir vinnu vegna deiliskip-

ulags hafnarsvæðis við Skipavík. Að lokinni kynningu fóru fram umræður. Fundarstjóri var Hilmar Hallvarðsson, formaður skipulagsnefndar. Mæting var góð en riflega 60 manns mættu á fundinn. Vinna við deiliskipulagið stendur enn

yfir og verður verður íbúum gefin kostur á að skila inn ábendingum þegar endanleg tillaga er lögð fram. Ef athugasemdir berast verða þær svo teknar til skoðunar í framhaldi vinnunnar.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra. Allar fréttir má jafnframt finna á vefsíðu sveitarfélagsins.

www.stykkisholmur.is



Danskir dagar haldnir í sumar

Danskir dagar verða haldnir dagana 23. – 25. júní næstkomandi. Hátíðin er elsta bæjarhátíð á Íslandi en hún

var fyrst haldin árið 1994 og var þá hugsuð til að lengja ferðamannatímabilið. Hólmarar freista þess nú að halda

hátíðina í sumarblíðu seint í júní en þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin á Jónsmessuhelginni en ekki í lok

ágústmánaðar eins og áður tíðskaðist. Þeir sem ekki eiga í heimahús að venda og hyggjast nýta hótél eða önnur gisti-pláss í bænum þurfa eflaust að hafa hraðar hendur því sömu helgi fer fram landsmót UMFÍ 50+ og því ljóst að mikið líf verður í Hólminum þessa daga. Dagskrá hátíðarinnar liggur ekki fyrir að svo stöddu en gera má ráð fyrir að hún fari fram með hefðbundnu sniði. Fjölbreytt afþreying með áherslu á allan aldurshóp þannig að fjölskyldur geti notið saman danskra daga í Stykkishólmi.

Hólmarar sigra söngkeppni Samvest annað árið í röð

Fimmtudaginn 16. mars sl. fór fram söngkeppni SamVest 2023 í Dalbúð, Búðardal. Tvö atriði kepptu fyrir hönd Félagsmiðstöðvarinnar X-ið. Melkorka Líf Jónsdóttir söng lagið *All of me* eftir John Legend og hljómsveitin Hallgerður og rest en þau fluttu Bond-lagið *Skyfall* eftir Adele.

Öll stóðu þau sig frábærlega en hljómsveitin Hallgerður gerði sér lítið fyrir og sigraði keppnina og er það annað árið í röð sem Hólmarar sigra keppnina. Sveitarfélagið óskar þeim innilega til hamingju með árangurinn.

Viðburðurinn hófst að venju með söngkeppni þar sem keppen-



Hljómsveitin Hallgerður og rest.

dur af öllu Vesturlandi stigu á svið og kepptu fyrir hönd sinna félagsmiðstöðva, samtals 10 atriði.

Viðburðurinn Samvest er undankeppni fyrir Söngkeppni Samfés sem er keppni allra félag-


smiðstöðva á Íslandi. Sá viðburður er með stærri viðburðum landsins þar sem um 4500-5000 ungmenni mæta til að fylgjast með keppninni sem er svo lokað með balli. Hljómsveitin Hallgerður og rest mun taka þátt í söngkep-

pni Samfés, fyrir hönd félagsmiðstöðva á Vesturlandi, en keppnin fer fram helgina 5.-6. maí í Laugardalshöll.

Félagsmiðstöðin X-ið færir Tónlistarskólanum og starfsfólki sérstakar þakkir fyrir frábært samstarf og utanumhald fyrir keppendur. Ljóst er að góður Tónlistarskóli skipir sköpum fyrir gott félagsmiðstöðvastarf.

Hljómsveitina Hallgerður og rest skipa þau Ágústa Arnþórsdóttir á bassa, Hera Guðrún Ragnarsdóttir á þverflautu, Hjalti Jóhann Helgason á básúnu, Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir á hljómborð, Ívar Leo Hauksson á trommur Embla Rós Elvarsdóttir sem syngur.

Vorverkin í Þjónustumiðstöðinni



Jón Páll hugar að umferðarmerkjum.



Jan Benner frískar upp á bekkina.

Vorverkin er fjölbreytt í Þjónustumiðstöðinni í Stykkishólmi. Starfsfólk sinnir hinum ýmsu verkefnum en þeirra á meðal er t.d. að mála og flikka upp á bekk í sveitarfélaginu. Bek-

kirnir eru teknir inn í áhaldahús þar sem þeir eru málaðir og gert við þá eftir þörfum áður en þeir fara aftur á sinn stað. Einn bekkur verður málaður fallega fjólublár og settur á hann

stór límmiði sem á stendur “munum leiðina”. Þetta er liður í verkefni sem sem Alzheimer samtökin standa fyrir og er ætlað að auka umræðu og fræðslu og láta vita af því að það er

óhætt að tala opinskátt um heilabilun í stað þess að fela umræðuna. Sveitarfélög víða um land taka þátt í þessu verkefni og hafa málað einn bekk fjólubláan málef-ninu til stuðnings.

Leikskólabörn leituðu að páskaeggjum



Páskaeggjaleit foreldrafélags leikskólans í Stykkishólmi er fyrir löngu síðan orðin fastur liður í aðdraganda páskana. Páskae-



ggjaleitin fór fram fimmtudaginn 23. mars síðast liðinn. Aðilar í foreldrafélaginu földu málaða steina á víð og dreif um leikskólalóði-



na og börnin leituðu að steinunum sem þau gátu svo skipt út fyrir eitt lítið súkkulaðiegg. Óhætt er að segja að mikil ánægja hafi verið



með viðburðinn á meðal barna sem skemmtu sér konunglega við leitina og ekki síst við súkkulaðiátið.



Landsmót UMFÍ 50+ í Stykkishólmi

Landsmóts UMFÍ 50+ fram fer í Stykkishólmi á Jónsmessuhelginni dagana 23. – 25. júní næstkomandi og fer fram samhliða Dönskum dögum, óhætt er því að reikna með miklum fjölda í bænum. Mótið er haldið í sam-

starfi við Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) og Sveitarfélagið Stykkishólm.

Fjölbreytt dagskrá

Á Landsmóti UMFÍ 50+ í Stykkishólmi verður boðið upp á fjölbreytta

dagskrá og ættu því flestir að finna íþróttagrein við sitt hæfi.

Hefðbundin keppni verður í flestum greinum en einnig verður boðið upp á greinar sem ekki verður keppt í en fólk á öllum aldri getur tekið

þátt í og prófað og því upplagt fyrir gesti Dan-skra daga að koma og skemmta sér á mótinu. Landsmót UMFÍ 50+ er öllum opið sem verða 50 ára á árinu og eldri. Þátttakendur þurfa ekki að vera skráðir í íþróttafélag, allir geta tekið þátt á sínum forsendum.

Á mótinu verður keppt í eftirfarandi greinum: Badminton, boccia, borðtennis, bridds, frísbíggolf, frjálssar íþróttir, golf, götuhlaup, hjólreiðar, körfubolti, pílukast, pútt, ringó, skák, stígvélakast og sund.

Mótsgjald

Þátttökugjald er 5.500 kr. og innifalið í því er þátttaka í öllum keppnisgreinum mótsins.

Ítarlegri upplýsingar um keppnisgreinar má finna á síðu Landsmóts UMFÍ 50+.

Hundagerði í Stellulundi

Fyrir skemms-tu hófu starfsmenn Þjónustumiðstöðvar vinnu við að koma upp hundagerði í Stykkishólmi. Staðsetningu hundagerðisins samþykkti bæjarstjórn fyrir þó nokkru síðan en gerðið verður staðsett í Stellulundi, við aðkomuna að Arnarborg. Hundagerðum fer fjölgandi víða um land og þykir í dag sjálfsögð þjónus-

ta við hundaeigendur í sveitarfélögum sem þar sem lausaganga hunda er óheimil. Með tilkomu hundagerðis geta hundaeigendur í sveitarfélaginu og gestir þess notað gerðið til að sleppa hundum sínum lausum, hitta aðra hunda og leika lausum hala. Hundagerðið í Stykkishólmi verður rúmlega þrjúþúsund fermetrar að stærð.



Sigurður Grétar segir til.

Að sögn starfsmanna Þjónustumiðstöðvar má gera ráð fyrir að hun-

dagerðið verið tilbúið með vorinu.



Römpum upp Stykkishólm

Verkefnið römpum upp Ísland er nú í fullum gangi. Nú á dögnum kom Atli Freyr Guðmundsson í Stykkishólm

til að kanna þörf á römpum hjá einkafyrirtækjum í bænum. Í ferð sinni átti hann einnig fund með bæjarstjóra og fóru

þeir félagar saman yfir aðgengismál hér í bæ. Að lokinni heimsókn Atla verða gerðar teikningar af þeim römpum sem fyrirhugaðir eru á svæðinu. Gert er ráð fyrir því að ramparnir verði settir upp síðar í vor. Tilgangur verkefnisins er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum á Íslandi. Haraldur Þorleifsson, stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrirtækisins Ueno, er hvatamaður verkefnisins. Stofnfé sjóðsins eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana sem vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra um allt land.



Gerir ráð fyrir blómlegu mannlífi á höfninni í sumar

Kjartan Karvelsson flutti heim í Hólminn og tók við starfi hafnarvarðar í maímánuði 2022. Kjartan kann vel við sig á höfninni og gerir ráð fyrir blómlegu mannlífi á höfninni í sumar en áætlaðar eru 22 komur skemmtiferðaskipa þetta sumarið.


Áætlaðar komur skemmtiferðaskipa í sumar

Dags.	Nafn Skips
9. maí	Fram
11. maí	Sea Spirit
11. maí	Nansen
14. maí	Nansen
19. maí	Fram
21. maí	Silver Endeavour
22. maí	Nansen
29. maí	Fram
30. maí	Nansen
04. júní	Silver Endeavour
06. júní	Sylvia Earle
07. júní	Nansen
10. júní	Hebridean Sky
15. júní	Sylvia Earle
30. júní	Silver Endeavour
01. júlí	Silver Wind
05. júlí	Ocean Endeavour
11. júlí	Maud
24. júlí	Fram
26. júlí	Fram
09. ágúst	Maud
30. ágúst	MS Seaventure
06. sept.	SH Minerfa
20. sept.	Silver Endeavour
08. okt.	SH Minerfa

Heimagert Heynet

Sumarið 2020 gerði vinnuskólinn tilraunir til að minnka notkun plastpoka með því að nota heynef til að fjarlægja gras af túnum bæjarins. Þessar tilraunir voru þá ekki nýjar á nálinni þar sem Vinnuskólinn hefur reynt aðrar lausnir með fjölnota poka en ekki gengið sem skildi. Heynetin hafa þann kost að lofta vel auk þess sem auðvelt er að þrifa netin. Þau ættu því síður að mygla og lykta illa eins og vill gerast með lokaða poka.

Nokkur net voru keypt til reynslu vorið 2020 og reyndust vel. Sveitarfélagið hefur nú



Agatha með pokana góðu.

stigið skrefinu lengra en Agatha Ýr Gunnarsdóttir, starfsmaður Þjónustumiðstöðvar, vinnur nú hörðum höndum að því að sauma nýja poka fyrir sumarið.

Agatha hefur nú þegar saumað um 20 poka, en þeir eru saumaðir úr afgangi neti sem Þjónustumiðstöðinni áskotnaðist.



Framkvæmdir á höfninni í Stykkishólmi


Töluverðar framkvæmdir hafa staðið yfir á hafnarsvæðinu í Stykkishólmi. Vegagerðin stóð fyrir framkvæmdunum sem snéru að því að bæta grjóti í hafnarbarðið og auka umferðaröryggi á svæðinu. „Verkefnið er um-

ferðaröryggisaðgerð til að tryggja öryggi vegfarenda á leið í Baldur.“ – segir Magni Grétarsson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni. „Þá höfum við einnig sett upp til bráðabyrgða þungar varnir milli vegar og hafnar til að varna því

að bílar komist ofan í höfnina.“ Að sögn bæjarstjóra er framkvæmdin fyrsti liður í því að koma upp bryggjustíg og færa gangandi umferð alfarið yfir götuna, fjær Súgandisey. Þannig megi forðast þá hættu sem kann að skapast

af grjóthruni í eyjunni. Sveitarfélagið hefur átt í viðræðum við Vegagerðina um framkvæmdir vegna þessa en um samvinnuverkefni er að ræða þar sem Vegagerðin þjónustar veginnið að ferju.

Viðburðaríkir páskar framundan í Stykkishólmi



Ívar Sindri Karvelsson, annar upphafsmanna Stykkishólms cocktail weekend

Páskarnir eru á næsta leyti og óhætt að gera ráð fyrir lífi í bænum um páska og í aðdraganda þeirra. Dagana 5.-8. apríl fer fram hátíðin Stykkishólms Cocktail Weekend. Á hátíðinni keppa helstu barir og veitingastaðir bæjarins um að blanda besta kokteilinn. Sælkerabíll var við sparkvöllinn í Stykkishólmi laugardaginn 1. apríl síðastliðinn. Úr bílnum

voru seldar hinar ýmsu vörur af Snæfellsnesi. Karlakór Akureyrar kom fram í Stykkishólmskirkju sunnudaginn 2. apríl. Páskabingó yngri flokka Snæfells fer svo fram á Fosshótel Stykkishólmi kl. 19:00 mánudaginn 3. apríl, svo fátt eitt sé nefnt. Nánari upplýsingar um viðburði í sveitarfélaginu má finna á vistitstykkisholmur.is undir **hvað er í gangi**.